



LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604
netfang: lanamal@lanamal.is
veffang: <http://www.lanamal.is>

Fréttatilkynning

30. september 2024

Ársfjórðungsáætlun í lánamálum ríkissjóðs

Fjórði ársfjórðungur 2024

- Á fjórða ársfjórðungi verða boðin til sölu ríkisbréf fyrir 32 ma.kr. að söluvirði.
- Flokkar sem mögulega verða boðnir út eru allir flokkar ríkisbréfa og mun stærð flokka og markaðsaðstæður ráða því hvort og þá hversu mikið verður selt í hverjum flokki.
- Möguleiki er á skiptiútboðum á RIKB 25 0612 á fjórðungnum.

Útgáfa á árinu

Í ársáætlun frá Lánamálum ríkisins fyrir árið 2024 var tilkynnt að útgáfa ríkisbréfa yrði 120 ma.kr. að söluvirði á árinu¹. Í síðustu ársfjórðungsáætlun sem birt var í lok júní sl. var útgáfumagn ríkisbréfa aukið um 30 ma.kr. og er því áætlað 150 ma. kr. á yfirstandandi ári. Útgáfa á fyrstu níu mánuðum ársins nam um 118 ma.kr. að söluvirði.

Fyrirhuguð útgáfa ríkisbréfa

Útgáfa ríkisbréfa á fjórða ársfjórðungi er áætluð 32 ma.kr.

Skiptiútboð

Möguleiki er á skiptiútboðum á RIKB 25 0612 á fjórðungnum þar sem eigendum bréfanna verður boðið að skipta yfir í aðra flokka ríkisbréfa. Ávöxtunarkjör, þátttaka og aðstæður á markaði munu ráða því hvort og þá hvaða flokkar verða boðnir út í skiptiútboðum fyrir RIKB 25 0612 og hversu mikið verður selt með þeim hætti. Útgáfa í tengslum við skiptiútboðin er ekki meðtalin í fyrirhuguðu útgáfumagni ársins þar sem hún dregur úr útgáfuförfinni á næsta ári.

Fyrirhuguð útgáfa ríkisvixla

Sveigjanleiki í vixlaútgáfu er mikilvægur og til greina kemur að bæta við útboðum á ríkisvixlum umfram það sem fram kemur í útgáfudagatali Lánamála.

¹ Með söluvirði er átt við hreint verð (clean price) með áföllnum verðbótum á höfuðstól, þ.e. verð með verðbótum en án áfallinna vaxta.



LÁNAMÁL RÍKISINS

Frekari upplýsingar um útgáfur einstakra flokka ríkisbréfa og ríkisvíxla verða birtar tveimur virkum dögum fyrir hvert útboð.

Nánari upplýsingar veitir Björgvin Sighvatsson forstöðumaður Lánamála ríkisins í síma 569 9600.